

Sp.

198. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á því, hvernig bátafloata landsmanna verði tryggð aðstaða til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúnaður.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við Fiskifélag Íslands að rannsaka, hverra ráðstafana muni þörf til þess að tryggja bátafloata landsmanna viðunandi aðstöðu til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúnað.

Greinargerð.

Á því hefur borið undanfarið, að skortur hefur verið viðhlitandi aðstöðu til viðlegu um vertíðir fyrir bátafloata landsmanna. Nú stendur fyrir dyrum nokkur aukning bátaflotans, og eru þeir bátar, sem menn nú kaupa, tvímælalaust flestir ætlaðir til útróðra á veturnum frá aðalverstöðvum landsins. Er fyrirsjáanlegt, að vandkvæði í þessum eignum aukast verulega, nema leitað sé skipulegra úrræða til bóta. Ef takast á að bæta úr í tæka tíð, þarf vafalaust að byggja framkvæmdir á staðgóðri þekkingu á því, hvernig ástatt er, og þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru til framkvæmda. Hér kemur fleira en eitt til greina, hafnarbætur, verbúðabyggingar o. fl. Virðist flutningsmanni þörf á því, að áætlun sé gerð um þessi efni og að menn geri sér grein fyrir því þá um leið, hvaða framkvæmda í þessa átt sé að vænta af hendi einstakra héraða, einstakra manna eða félaga, enda kæmi þá í ljós, hvað hið opinbera yrði að afhafast til þess að ná því marki, sem sett er í þingsályktunartillögunni.

Flutningsmanni virðist eðlilegast, að Fiskifélagi Íslands væri falið að framkvæma nú þegar athugun á þessu máli og gera um það álit og tillögur, sem síðan kæmu til kasta ríkisstjórnar og Alþingis. Það er hins vegar tæpast viðeigandi, að Alþingi feli Fiskifélagi Íslands með ályktun slíkt verkefni, og því er lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að fara með málið í samráði við Fiskifélag Íslands.

Hefur þá verið gerð grein fyrir þeirri hlið tillögunnar, sem veit að aðstöðu til viðlegu fyrir bátaflotann, og skal vikið nokkuð að hinni hlið tillögunnar, sem snýr að aðbúnaði vermannanna.

Þeir, sem kunnugir eru í verstöðvum landsins, vita það, að aðbúnaður vermannanna er víða alveg óviðunandi. Húsakynni þröng og ill. Samkomustaðir lélegir eða engir. Mun yfirleitt brýn nauðsyn á því, að úr verði bætt í þessum eignum. Þykir flm. ástæða til, að þetta sé athugað um leið og gerð væri áætlun um þær framkvæmdir, sem gera þyrfti til þess að tryggja bátaflotanum viðlegupláss. Við þá athugun kæmi væntanlega í ljós, hvort þörf væri sérstakra afskipta af hálfu hins opinbera um þessa hlið málsins og þá hverra.

Nánar í framsögu.